

## Leikskólinn Höfðaberg

## Heiti fundar

3.Fundur Foreldraráðs Höfðabergs

## Dagsetning

18.3.2025

## Fundarstaður

Höfðaberg

## Fundarritari

Tinna / Lína

## Viðstaddir

Leikskólastjóri: Tinna Rún og Lína Sigríður aðstoðarleikskólastjóri  
Foreldraráð: Sigurlaug, Sunna Berglind og Viktor

## Dagskrá fundar, umræður og ákvarðanir

**Sumarorlof:** Sumarleikskólinn verður í Reykjakoti.

Fimmta vikan í sumarorlof er gjaldfrjáls. Áður var val um hvenær hún var tekin en núna er hún föst við sumarorlofið á lokunartíma leikskólans. Í dag 18. mars er ekki komin mikil skráning í leikskólum Mosfellsbæjar.

**Starfsmannamál:** Farið yfir hver staðan er í húsi.

Í febrúar hættu tveir starfsmenn. Starfsmenn í langtímaveikindum og mikið er um skammtímaveikindi. Einn starfsmaður hóf störf í byrjun mars. Búið að ráða starfsmann sem byrjar í maí. Sérkennslustjóri lætur af störfum 30.apríl. Erum búin að auglýsa stöðu og erum að taka viðtöl.

**Haustið 2025:** 162 börn. Búið er að fylla öll pláss.

Breytingar þar sem 5 ára börnum hefur fjölgað mikið.

Kríuberg verður áfram eins og verið hefur hefur í vetur. Börnin þar næsta vetur verða þá 4 og 5 ára. Spóaberg verður aldurshrein 4 ára deild.

**Önnur mál:**

Starfsmenn í eldhúsi hafa lokið öllum þeim námskeiðum sem krafist er.

Í febrúar fóru þeir í endurmenntun á vegum Sýni og á næstu vikum mun þeim bjóðast rafrænt námskeið.

Bókun foreldraráðs vegna sumarorlofs og sumarskóla. Tinna sendir bókunina á framkvæmdastjóra fræðslu og frístundasviðs sem sendir hana áfram á formann fræðslunefndar.

Foreldraráð leikskólans Höfðabergs vill koma á framfæri áhyggjum vegna lengingar sumarleikskóla Mosfellsbæjar sumarið 2025.

Lágmarksorlof á almennum markaði stendur í stað í 24 virkum dögum en það eru þá orðnir jafn margir dagar og sumarleikskólinn. Þess má geta að það er alls ekki á allra færi að nýta sér hann, enda oft ansi fjarri heimilum fólks.

Skráningardagar (heilir dagar og eftir klukkan 14 á föstudögum) hafa verið púsluspil fyrir foreldra, þar sem skilaboðin hafa verið þau að sækja eingöngu um þá þjónustu ef foreldrar nauðsynlega þurfa og engin önnur úrræði eða aðstoð eru til staðar.

Það segir sig sjálft að reikningsdæmið gengur misvel upp og sums staðar alls ekki, en einnig má nefna að vinnutímastytting hefur verið útfærð á mismunandi vegu á almennum markaði, t.d. með 9 mínútum á dag sem eru c.a. 2,8 klst á mánuði.

Þessi ákvörðun bæjarráðs mun leiða til þess að foreldrar bæjarins munu þurfa að skipuleggja sig enn betur til þess að mæta styttingu leikskólans. Foreldraráð hefur áhyggjur af því að sú áskorun muni falla þyngst á þá foreldra sem búa ekki við sterkt bakland og hafa ekki sveigjanleika í vinnu.

Virðingarfyllst,

Foreldraráð Höfðabergs